



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagurinn 27. júní, 2007

Ákvörðun nr. 29/2007

Samruni Hafnarbakka við Gámaþjónustuna hf.

1.

Með bréfi Antons B. Markússonar hrl., sem barst Samkeppniseftirlitinu þann 5. mars 2007, var eftirlitinu tilkynnt um samruna Hafnarbakka við Gámaþjónustuna hf. (hér eftir Gámaþjónustan) Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Í samrunaskránni kemur m.a. fram að með kaupunum verði Hafnarbakki, sem áður var sjálfstæð deild innan Eimskipafélags Íslands, í 100% eigu Gámaþjónustannar. Með í kaupunum fylgi rekstur félagsins, viðskiptavild þ.m.t. nafnið Hafnarbakki, gámar sem tilheyra rekstrinum, lager félagsins og annað lausafé. Þá fylgdi með bréfinu kaupsamningur, dags. 4. febrúar 2007 auk ársreiknings Gámaþjónustunnar þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu félagsins.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup Gámaþjónustunnar á Hafnarbakka í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga, og fellur þessi samruni undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi dags. 2. apríl 2007 tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

2.

Í samrunatilkynningu vegna kaupa Gámaþjónustunnar á Hafnarbakka segir að Gámaþjónustan hafi verið stofnuð „*fyrir tuttugu og fjórum árum síðan og sérhæfir sig í þjónustu á sviði sorphirðu og spannar þjónustusviðið alla þætti almennrar*

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



sorphirðu frá innsöfnun á heimilissorpi til söfnunar og flutnings á spilliefnum auk þess býður fyrirtækið upp á vinnuvélaflutninga, leigu á vinnuskúrum, þurrsalernum ásamt götusópun.“ Fram kemur að fyrirtækið flytji sína gáma yfirleitt á svokölluðum krókbifreiðum, þ.e. bifreiðar sem draga á sig og af sér gámana sem eru þá á sérsmíðuðum meiðum. Þá segir að Gámaþjónustan sé með starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Vesturlandi og víðar.

Um Hafnarbakka segir að félagið hafi verið stofnað af Eimskipafélagi Íslands árið 1988 og „*frá upphafi hefur eitt af helstu verkefnum í þessum rekstri verið innflutningur, sala og leiga á gámum og gámahúsum af ýmsum gerðum. Gámarnir og húsin eru flutt á sérstökum kranabifreiðum eða flutningabifreiðum sem tengdir eru hliðarlyftubúnaði (side loader). Hafnarbakki hefur ekki rekið slíkar bifreiðar en bendir viðskiptavinum sínum á flutningsaðila á markaði.*“

Fram kemur í tilkynningunni að Gámaþjónustan hafi fengið spurnir af því í lok ársins 2006 að Eimskipafélag Íslands hefði áhuga á því að selja þann hluta starfsemi sinnar sem kallast Hafnarbakki, en Hafnarbakki hafi verið rekin sem sérdeild innan aðalfélagsins. Hafi Gámaþjónustan eftir ítarlega skoðun og úttekt á rekstri Hafnarbakka ákveðið að gera tilboð í þennan rekstur sem hafi verið samþykkt af hálfu Eimskipafélagsins.

Í tilkynningunni segir að „*starfsemi Gámaþjónustunnar hafi einkum verið á sviði umhverfismála og útleiga á gámum fyrir úrgang og önnur þjónusta þar að lútandi verið kjarnastarfsemin. Í fyrirtækinu er því meira en tuttugu ára reynsla fyrir útleigu á lausafjarmunum og sérhannað upplýsingakerfi sem lýtur að þessari [sic] útleigu og annarri starfsemi á sviði úrgangsstjórnunar (waste management). Rekstur Gþ hefur átt afar lítið sameiginlegt með starfsemi Hafnarbakka ef frá er talin útleiga Gþ á vinnurskúrum og geymslugámum en þessi starfsemi hefur verið mjög lítil hluti (minna en 5%) af heildarstarfsemi Gþ. Gþ hefur ekki rekið neina bifreið með hliðarlyftubúnaði og ekki talið nægjanleg verkefni fyrir slík tæki. Í þess stað hefur verið útbúnir sérstakir meiðar undir þá vinnuskúra og geymslugáma sem til útleigu hafa verið.*“ Um starfsemi Hafnarbakka segir að hún hafi einkum lotið að útleigu og sölu á svokölluðum skipagámum eða flutningagámum auk þess að selja sérsniðnar gámalausnir til að leysa húsnæðisþörf hinna mismunandi aðila.

Stjórn Gámaþjónustunnar hafi talið starfsemi Hafnarbakka geta fallið vel að rekstri fyrirtækisins og þó starfsemin hafi að sumu leyti verið ólík þá hafi ýmsu svipað saman og hafi það getað nýst til að styrkja bæði Gámaþjónustuna og Hafnarbakka.

3.

Að mati samrunaaðila mun samruninn einkum hafa áhrif á útleigu og sölu flutninga- og skipagáma. Markaðurinn sem Gámaþjónustan starfi á tengist fyrst og fremst umhverfismálum. Hafi markaðurinn farið stækkandi enda séu stöðugt gerðar meiri kröfur um endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs. Séu viðskiptavinir Gámaþjónustunnar bæði opinberir aðilar sem og fyrirtæki og einstaklingar. Þá



reki sum sveitarfélög, s.s. Reykjavík, starfsemi sem sé í raun í samkeppni við fyrirtæki á borð við Gámaþjónustuna.

Fram kemur að starfsemi Gámaþjónustunnar á sviði innflutnings, sölu og leigu geymslu- og flutningsgámum hafi verið tiltölulega lítil. Þá eru að mati samrunaaðila aðrir stórir aðilar á þessum markaði, t.d. fyrirtækin MEST, BYKO og Farmaco auk þess sem Samskip og Atlantsskip hafi verið í samkeppni við Hafnarbakka á þessum markaði.

Í tilkynningunni kemur fram að eftirspurn eftir gámum, sölu og leigu, hafi aukist á undanförunum árum að mati samrunaaðila en óvíst sé hvernig eftirspurnin eigi eftir að þróast á næstu árum. Þá séu aðgangshindranir á markaðinn litlar, en þó fylgi því nokkur kostnaður að hasla sér völl á gámamarkaði ef starfsemin eigi að beinast að útleigu á gámum.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Að mati Samkeppniseftirlitsins munu samlegðaráhrif samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við sölu og leigu á gámum. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Gámaþjónustunnar á Hafnarbakka á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 4. febrúar 2007, keypti Gámaþjónustan hf. eignir og rekstur Hafnarbakka, sem var áður sérdeild innan Eimskipafélags Íslands. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson